



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram tveir fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 375 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að endurvekja starfshóp um framtíðarsýn í leikskólamálum í Hvalfjarðarsveit. Verkefni starfshópsins er að vinna undirbúningsgreiningu fyrir byggingu nýrrar leikskólabyggingar í Melahverfi.

Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn tillögu Mannvirkja- og framkvæmdanefndar að hafna tilboði GG verk ehf., í byggingu íþróttahúss við Heiðarborg, að fjárhæð kr. 1.704.634.967 sem er 41% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra, formanni mannvirkja- og framkvæmdanefndar, verkefnastjóra framkvæmda og eigna ásamt ráðgjafa frá ASK arkitektum að ganga til viðræðna við bjóðanda, GG verk ehf., sem uppfyllti hæfiskröfu útboðsskilmálanna.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi nr. 375 að fallið yrði frá ráðningu í 60% starf skipulagsfulltrúa en þess í stað verði auglýst 100% starf skipulags- og byggingarfulltrúa, sjá nánar í fundargerð sveitarstjórnar.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 376 fór fram árlegt kjör oddvita og varaoddvita í samræmi við ákvæði 7. gr. samþykktu um stjórn Hvalfjarðarsveitar. Andrea Ýr Arnarsdóttir var endurkjörin oddviti og Helga Harðardóttir endurkjörin varaoddviti.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir ásamt fundargerðum nefnda og afgreiðslumálum frá þeim og hvetjum við áhugasama að skoða fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar sem finna má á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.



SUNDLAUGIN AÐ HLÖÐUM


Opið í allt sumar til kl. 20:00 - líka á rauðum dögum. Opið frá kl. 10:00 um helgar og frá kl. 12:00 á virkum dögum.

SumarGaman

SumarGaman í júní verður starfrækt fyrir börn í Heiðarskóla fædd 2013 - 2016 í 10 virka daga, 12. - 23. júní.

SumarGaman í ágúst verður starfrækt fyrir börn í Heiðarskóla fædd 2014 - 2017 í 8 virka daga, 8. - 11. ágúst og 15. - 18. ágúst.

- SumarGaman verður í Furuhlíð í Álfholtsskógi
- Vettvangsferðir, útivist, leikir o.fl.



Vinnuskólinn

Vinnuskóli Hvalfjarðarsveitar sumarið 2023 er fyrir unglunga á aldrinum 14-17 ára. Vinnuskólinn vinnur 7 tíma á dag fjóra daga vikunnar.

- 8. bekkur: 5. júní til 10. ágúst.
- 9. bekkur: 5. júní til 10. ágúst
- 10. bekkur: 5. júní til 10. ágúst
- Ungmenni 16 til 17 ára: 5. júní til 10. ágúst
- Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.



KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Ýmsar kynningar hafa farið fram síðustu vikur ásamt fundum og viðburðum. Má þar nefna aðalfund Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis, fræðslu- og umræðufund um úthlutun og ráðstöfun fjármuna til skólastofnana, fræðslufund á vegum Barna- og fjölskyldustofu vegna innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, fyrsti fundur Öldungaráðs Hvalfjarðarsveitar og fjöldi fleiri viðburða, kynninga og funda.

AÐALSKIPULAG HVALFJARÐARSVEITAR 2020- 2032 HEFUR ÖÐLAST GILDI

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, sem samþykkt var í sveitarstjórn 22. mars sl., var staðfest af Skipulagsstofnun þann 26. apríl sl. Við gildistöku aðalskipulagsins fellur úr gildi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, ásamt síðari breytingum. Samhliða tekur gildi skrá yfir vegi í náttúru Íslands, sem samþykkt var á sama fundi sveitarstjórnar. Málsmeðferð var samkvæmt 30.-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsing nr. 464/2023 var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 12. maí sl., sjá á heimasíðu Stjórnartíðinda.

Skipulagsgögnin má sjá inn á hvalfjardarsveit.is eða með með því að skanna QR kóðann:



Útivistarsvæðið í Melahverfi

NAFN Á ÚTIVISTARSVÆÐIÐ Í MELAHVERFI

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskar eftir hugmyndum að nafni á nýja útivistarsvæðið í Melahverfi. Senda má nafnahugmyndir á netfangið andrea@hvalfjardarsveit.is fyrir 1. júlí næstkomandi.

Sveitarstjórn hvetur alla íbúa að taka þátt. Sveitarstjórn mun taka endanlega ákvörðun um nafngift svæðisins.



Nú, þegar eitt ár er liðið af kjörtímabilinu, vill sveitarstjórn nýta tækifærið og þakka fyrir síðastliðið ár, gott samstarf við íbúa, nefndarmenn, starfsmenn sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila. Sveitarstjórn hlakkar til frekara samstarfs á næstu árum.

Gleðilegt sumar

**Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**

HVALFJARÐARDAGAR

2023 • 23-25. JÚNÍ



Hvetjum sem flesta til að taka helgina frá!